

Tekjur:

Vextir af hlr. 40091	295 953,60
Verðhækkun spariskírteina	9 984 820,00
	<hr/>
	10 280 773,60
	<hr/>

Gjöld:

Styrkveitingar 1983	4 185 000,00
Vextir af yfirdrætti á hlr. 40091	243 200,00
Ýmiss kostnaður	17 588,30
Tekjur umfram gjöld	5 834 985,30
	<hr/>
	10 280 773,60
	<hr/>

Reikningsskil þessi hafa verið endurskoðuð og ekkert fundist athugavert.

Ríkisendurskoðun, Reykjavík, 30. apríl 1984.

Halldór V. Sigurðsson.

Stjórn Þjóðhátíðarsjóðs

Björn Bjarnason.

Jóhannes Norðdal.

Gils Guðmundsson.

9. maí 1984

Nr. 256

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Endurhæfingarstöð heyrnarkertra útgefin á venjulegan hátt, að mandatum, af dómsmálaráðherra, 9. maí 1984.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir endurhæfingarstöð heyrnarkertra.

Félag heyrnarlausra og félagið Heyrnarhjálp stofna hér með til sjálfseignarstofnunar samkvæmt eftirfarandi skipulagsskrá:

1. gr.

Stofnunin heitir Endurhæfingarstöð heyrnarkertra og er sjálfseignarstofnun, sett á fót af Félagi heyrnarlausra og Félaginu Heyrnarhjálp.

2. gr.

Heimili stofnunarinnar og varnarþing er í Reykjavík.

3. gr.

Félag heyrnarlausra leggur stofnuninni til sem stofnfé 500 000,00 kr.
Félagið Heyrnarhjálp leggur stofnuninni til sem stofnfé 500 000,00 kr.
Stofnendur bera ekki fjárhagslega ábyrgð umfram stofnfjárframlag sitt.

4. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er að vinna að læknisfræðilegri endurhæfingu fyrir heyrnar-skerta m. a. á eftirfarandi hátt:

Að þjálfa heyrnarskerta einstaklinga í notkun heyrnartækja.

Að leiðbeina um notkun annarra hjálpartækja fyrir heyrnarskerta svo sem dyraljósa-búnaðar og vekjarabúnaðar.

Að kynna atvinnumöguleika og annast vinnumiðlun, ásamt leiðbeiningu um möguleika til starfsþjálfunar.

Að vera leiðbeinandi aðili um notkun og uppsetningu á heyrnarhjálpárútbúnaði í kirkjum, leikhúsum og öðrum samkomustöðum.

Að þjálfa táknumálstúlka og annast útvegun þeirra.

Að fylgjast með nýjungum og vera hvetjandi aðili um leiðbeiningar og fræðsiustarfsemi í þessum efnum m. a. með námskeiðahaldi.

5. gr.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með stofnfé og þeim eignum, sem hún kann að fá að gjöf eða eignast með öðrum hætti.

6. gr.

Fulltrúaráð stofnunarinnar er skipað allt að tuttugu og einum fulltrúa og sautján mönnum hið fæsta, og eru þeir kjörnir til tveggja ára í senn. Stofnendur, Félag heyrnarlausra og Félagið Heyrnarhjálp kjósa sex fulltrúa hvor aðili í fulltrúaráðið en félögin koma sér saman um fimm til níu fulltrúa að auki. Helmingur fulltrúa skulu ganga úr fulltrúaráðinu árlega, tilnefna stofnendur þrjá menn í þeirra stað hvort félag og tvo til fimm menn sameiginlega. Heimilt er að endurkjósa menn í fulltrúaráð. Ef ekki næst samkomulag um sameiginlega fulltrúa félaganna skal hvort félag tilnefna tvo fulltrúa og heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra einn fulltrúa.

Fulltrúaráð kys fimm menn í stjórn og skiptir hún sjálf með sér verkum. Ekki má kjósa sama formann lengur en tvö ár í senn. Ritari skal halda gjörðabók um alla fundi stjórnar og fulltrúaráðs.

7. gr.

Aðalfundur stofnunarinnar skal haldinn fyrir 1. maí ár hvert og er hann lögmætur ef $\frac{2}{3}$ fulltrúaráðs hið fæsta eru á fundi. Til aðalfundar skal boðað bréflaga með hálfsmánaðar fyrirvara hið skemmsta.

Á fundum stofnunarinnar skal tulkapjónusta veitt eftir þörfum hverju sinni.

Aðalfundur sitja fulltrúaráðsmenn, og hafa þeir einir kosningarétt. Framkvæmdastjóri hefur seturétt á fundinum og málfrelsi og tillögurétt, svo og fráfarandi fulltrúaráðsmenn og hinn löggilti endurskoðandi. Heimilt er stjórn að bjóða gestum að sitja aðalfund.

8. gr.

Að loknum aðalfundi skal senda ríkisendurskoðanda ársreikning stofnunarinnar og skal hann birtur í B-deild Stjórnartíðinda. Skipun fulltrúaráðs og kosningu stjórnar skal auglýsa í Lögbirtingablaði.

9. gr.

Dagskrá aðalfundar skal vera þessi:

1. Tilkynning um tilnefningu fulltrúaráðsmanna.
2. Skýrsla stjórnar fulltrúaráðs.
3. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar stofnunarinnar til samþykktar.
4. Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar í samræmi við 13. gr.
5. Kosning fimm manna í stjórn.
6. Kosning tveggja endurskoðenda til eins árs.
7. Tillögur til breytinga á skipulagsskrá, ef fram koma.
8. Önnur mál.

10. gr.

Fulltrúaráðið markar stefnu stofnunarinnar. Það skal koma saman til fundar a. m. k. einu sinni á ári. Fimm fulltrúaráðsmenn geta krafist fundar, enda sé fundarefni tilgreint, og skal þá halda hann innan þriggja vikna frá því að krafa berst formanni.

Stjórn fulltrúaráðs ber ábyrgð á daglegu starfi stofnunarinnar. Hún hefur leyfi til að taka lán fyrir hönd stofnunarinnar og veðsetja eignir hennar.

Þrjá stjórnarmenn þarf til að skuldbinda stofnunina.

11. gr.

Stjórnin skal að jafnaði halda einn fund á mánuði. Hún ræður framkvæmdarstjóra stofnunarinnar, setur honum erindisbréf og ákveður laun hans. Hann ræður starfsmenn með samþykki stjórnar.

12. gr.

Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið.

Um bókhald stofnunarinnar og reikningshald skal fara eftir gildandi lögum um bókhald, nú lögum nr. 51, 2. maí 1968, og góðum reikningsskilavenjum.

Ársreikningar stofnunarinnar, endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda, auk endurskoðenda stofnunarinnar, skulu liggja frammi til athugunar fyrir fulltrúaráðsmenn viku fyrir aðalfund.

13. gr.

Ef hagnaður verður af starfsemi stofnunarinnar skal honum varið til eflingar hennar í samræmi við 4. gr.

Þó er aðalfundi heimilt að veita hagnaði til sérstaks verkefnis til hagsbóta fyrir heyrnarlausu og heyrnarskerta. Slík ráðstöfun skal vera samþykkt með a. m. k. $\frac{3}{4}$ hlutum atkvæða.

14. gr.

Verði ákveðið að leggja stofnunina niður, skulu eignir stofnunarinnar renna til hliðstæðra verkefna og segir í 4. gr. eftir nánari ákvörðun fulltrúaráðs. Slit stofnunarinnar geta ekki átt sér stað nema með samþykki stjórnar og stofnenda, og samþykki tveggja funda fulltrúaráðs í röð með a. m. k. $\frac{3}{4}$ hlutum atkvæða.

15. gr.

Tillögum um breytingar á skipulagsskrá þessari ná fram að ganga, ef þær hljóta fylgi $\frac{3}{4}$ hluta atkvæða fulltrúaráðs. Ekki er þó hægt að breyta ákvæðum 13. og 14. greinar. Kynna skal í fundarboði tillögur um breytingar á skipulagsskrá.

16. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 10. desember 1983.

Stjórn félags heyrnarlausra
Vilhjalmur G. Vilhjámsson
Rafn Einarsson
Þórhallur Arnarson

Stjórn félagsins Heyrnarhjálpar
Guðjón Ingvi Stefánsson
Viggó Nathanaelsson
Gíslína Vilhjámsdóttir.